

Reykjaneshöfn
Víkurbraut 11
230 Reykjanesbær

Vestmannaeyjum, 16. febrúar 2021
Tilv.2021-02-08-1398

Efni: Ósk um umsögn

Fiskistofu hefur borist umsókn dagsett 5. febrúar 2021, um endurvigtunarleyfi frá Premium of Iceland ehf., kt. 630514-1930, með starfsstöð að Bakkastíg 16 í Reykjanesbæ.

Með vísan til 1. mgr. 12. gr. og 48. gr. reglugerðar nr. 745/2016 um vigtun og skráningu sjávarafla, varðandi umsagnarrétt og eftirlitsskyldur hafnaryfirvalda, óskar Fiskistofa eftir umsögn hafnaryfirvalda í Reykjanesbæ um meðfylgjandi beiðni Premium of Iceland ehf.

Með vísan til 2. mgr. 9. gr. stjórnisýslulaga nr. 37/1993 er óskað eftir að umsögn Reykjaneshafnar verði send Fiskistofu innan tveggja vikna frá dagsetningu bréfs þessa.

F.h. Fiskistofu

Njáll Ragnarsson